

## Verkefni 2 – Saga ljósmyndunar, heimildalestur. Unnið er út frá grein Hlyns Helgasonar, sem fjallar um notkun ljósmynda í blöðum og tímaritum.<sup>1</sup>

Haft er að orði að ljósmyndir ljúgi ekki, þær sýni raunveruleikann eins og hann er. Þetta nýta menn sér þegar þeir birta myndir í blöðum og tímaritum með fréttum. Ljósmyndunum er þá ekki aðeins ætlað að leggja áherslu á efni greinarinnar, heldur eru greinar oft skrifaðar út frá ljósmyndum.

Fræg er myndin *Dauði lýðveldishermanns* eftir Robert Capa sem birtist á forsíðu tímaritsins *Life* árið 1937. Á myndinni sést hermaður falla fyrir byssukúlu sem hæfir hann beint í höfuðið. Ljósmyndin er birt með frétt af borgarastríðinu á Spáni og gerir myndin fréttina mun áhrifameiri en ella. Ljóst er að Capa hefur verið staddur á vígvellinum og smellt af augnabliksmynd þegar hann sér hermanninn falla. Ljósmyndarinn hefur því án efa verið í hættu staddur rétt eins og hermaðurinn. Útgefendur blaðsins birta myndina til að leggja áherslu á fréttina um stríðið, þrátt fyrir að birting hennar geti haft djúpstæð áhrif á ættingja og vini hermannsins sem þarna átti sína dauðastund. Í texta undir myndinni kemur fram að hún sé tekin af ljósmyndara *Life* og þannig er kastljósinu varpað á ljósmyndarann. Hann er settur á stall og gerður að stjörnu blaðsins. Ljósmyndarinn verður þekktur fyrir að taka áhættu við að ljósmynda á vígvöllum, til þess eins að lesendur geti séð hvað þar er um að vera. Ljósmyndirnar seldu blaðið betur en greinarnar einar og sér.

En starf ljósmyndarans á vígvöllum er áhættusamt, því kynntist Capa hálfum mánuði eftir að myndin af dauða lýðveldishermannsins var birt, því þá lést unnusta hans Gerda Taro í slysi þegar hún var við myndatöku af átökum. Frank Capa hélt uppteknum hætti við ljósmyndun stríðsátaka eftir að borgarastyrjöldinni á Spáni lauk. Að sögn Hlyns var mottó hans: „*Ef myndin er ekki nógu góð, farðu nær.*“ Ferli Capa lauk þó á svipaðan hátt og unnustu hans, en hann lést þegar hann steig á jarðsprengju í Kóreustríðinu upp úr 1950.

Myndir af átakasvæðum urðu fljótt vinsælar í blöðum og tímaritum en með þeim var hægt að sýna með áhrifaríkum hætti hvernig átakasvæðin voru í raun og veru. Myndir af hermönnum í skítugum skotgröfum, lifandi hermenn innan um lík félaga sinna, hrúgur af líkum óbreyttra borgara sem voru fórnarlömb átaka sýndu betur en mörg orð þann ömurleika sem í raun og veru áttu sér stað í stríðum.

Stríðsmyndir voru þó oft notaðar til að hefja upp til skýjanna hetjulega hermenn í átökum, samanber myndir Baldermans frá augsurvígstöðvunum árið 1941. Þar sjást hugdjarfir hermenn sækja fram með byssur í höndum. Hvað þessara hermanna beið þegar þeir mættu hermönnum andstæðinganna kemur hins vegar ekki fram.

Áhrifaríkasti punkturinn í grein Hlyns er frásögn hans af ljósmyndaranum Lee Miller. Hún var í fylgd hersveitanna sem náðu Büchenwald útrýmingarbúðunum úr höndum Þjóðverja og það var því hennar hlutskipti að festa á filmu það sem við blasti þar. Hlynur skrifar: „*Myndir hennar af hrúgum líka út um allt eru til vitnis um hörmulegustu fólksuverk mannkynssögunnar, atburðum sem ekki væri hægt að lýsa á neinn annan hátt en í gegnum vélrænt, hlutlaust auga ljósmyndavélarinnar. Ljósmyndarinn, hún bar þess hins vegar aldrei bætur að hafa þurft að vera vitni að því sem fyrir augu bar og Lee, sem áður hafði verið einn af athyglisverðustu listljósmyndurum samtímans, treysti sér aldrei til að taka ljósmyndir eftir þetta.*“

---

<sup>1</sup> [http://www.fugl.is/mhs103\\_namsefni/2010/01/dau-lyveldishermanns.html](http://www.fugl.is/mhs103_namsefni/2010/01/dau-lyveldishermanns.html)

Ljósmyndir með fréttum hafa átt sinn þátt í því að móta viðhorf almennings og í grein Hlyns kemur fram að ljósmyndir af atburðum í Indó-Kína á 6. og 7. áratugnum hafi verið lykilþáttur í að snúa almenningsáliti í Bandaríkjunum og Evrópu gegn þátttöku þeirra í stríðinu þar.

En gleymum því þó ekki að ljósmyndir geta líka flutt fólki gleðifregin, samanber myndir af fagnaðarlátum þegar styrjöldum lýkur, og birtir Hlynur þar mynd af frá 1918 af fagnandi hópi kvenna í London á deginum þegar friðarsamningar voru samþykktir.

Fljótlega eftir að menn fóru að nota ljósmyndir í blöðum og tímaritum fór að bera á því að þeir nýttu myndirnar til að koma ákveðnum boðskap á framfæri, t.d. með því að birta myndir af mönnum þar sem þeir voru með sérkennileg svipbrigði. Þetta sést vel í myndaröð blaðs af Roosevelt forseta þar sem áherslan er á áköf svipbrigði hans í ræðustól. Eða eins og Hlynur orðar það: „*Forsetinn verður að einskonar trúð í þessari áherslu og svírasver baksvipur hans kórónar verkið. Hér nýtir tímaritið sér áhrifamátt „hlutlausra“ mynda til að reyna að móta afstöðu lítt læss almennings til forsetans.*“

Með fréttaljósmyndum fylgir gjarnan texti sem útskýrir fyrir lesendum hvað myndin sýnir. Um tengsl fréttaljósmynda og myndatexta segir Hlynur: „*Myndatextar eru yfirleitt þannig úr garði gerðir að þeir virðast vera eðlilegt framhald ljósmyndarinnar, lágmarksviðauki og aukaupplýsingar. Hins vegar er það eðli textans að hann þjónar allt öðrum lögmálum en myndræn framsetning í ljósmyndum. Vegna þessa eru textinn og myndin ætíð algerlega aðskildir hlutir sem lesa verður sitt í hvoru lagi. Það er í raun himinn og haf sem skilur á milli. Saman mynda þessir þættir sterka heild, en hún er aldrei á neinn hátt „eðlileg“, heldur alltaf tilbúin og þess vegna er mjög mikilvægt að líta á samsetningu mynda og texta afar gagnrýnum augum.*“

Í greinum raunvísindamanna er það hins vegar mjög skýrt að ljósmynd og texti eiga að geta staðið sjálfstæð saman, það er lesandinn á ekki að þurfa að lesa grein til þess að vita hvað myndin birtir. Textinn undir myndinni á að hjálpa til við það. Eins á að vera tilvísun í greininni um hvenær lesandi á að skoða tiltekna mynd. En þetta er útdúring og tengist grein Hlyns ekki beint.

Eftir lestur greinarinnar er það enn skýrara en fyrr að góð ljósmynd segir meira en mörg orð. Með ljósmynd er hægt að birta raunveruleikann eins og hann er, en það má líka gera hann sorglegri, fegra hann og skrumskæla. Allt eftir því hvaða áhrifum myndbirtingunni er ætlað að ná.

Reykjavík 8. mars 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir

#### Heimild

Hlynur Helgason: Notkun ljósmynda í blöðum og tímaritum. Síða skoðuð 8. mars 2016. Vefslóð:  
[http://www.fugl.is/mhs103\\_namsefni/2010/01/dauil-lyveldishermanns.html](http://www.fugl.is/mhs103_namsefni/2010/01/dauil-lyveldishermanns.html)